

GJALDSKRÁ

fyrir byggingarleyfis- og þjónustugjöld í Vesturbyggð.

I. KAFLI Gildissvið og gjaldtökuheimild.

1. gr.
Almenn heimild.

Heimilt er að taka gjald fyrir veitta þjónustu og verkefni byggingarfulltrúa, m.a. fyrir undirbúning, svo sem vegna nauðsynlegrar aðkeyptar sérfræðiþjónustu, útgáfu byggingarleyfis, útgáfu stöðuleyfa, útmælingu, eftirlit, úttektir, yfirferð hönnunargagna og vottorða sem byggingarfulltrúi lætur í té skv. lögum um mannvirki nr. 160/2010.

Samkvæmt gjaldskrá þessari er heimilt að taka gjald vegna skipulags- og framkvæmdaleyfa skv. ákvæðum skipulagslaga nr. 123/2010.

II. KAFLI Byggingarleyfisgjald.

2. gr.
Flokkun bygginga og gjaldskrá.

Greiða skal byggingarleyfisgjald fyrir hverja framkvæmd sem byggingarleyfi er gefið út fyrir. Þó skal ekki innheimta byggingarleyfisgjald fyrir byggingar sem eru 7 m² eða minni, nema um viðbyggingar sé að ræða.

Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er lögboðin meðferð byggingarleyfiserinda, yfirferð teikninga og reglubundið eftirlit.

Vegna málsmeðferðar tilkynnta framkvæmda, skv. 2.3.5 og 2.3.6 gr. í byggingarreglugerð, greiðist afgreiðslugjald kr. 56.398. Innifalið í gjaldi er móttaka og varðveisla gagna, yfirferð m.t.t. samræmis við skipulag og skráning í fasteignaskrá.

Byggingarleyfisgjald samkvæmt eftirfarandi töflu skal innheimt við útgáfu byggingarleyfis:

<i>Tegund byggingar</i>	<i>Grunngjald</i>	<i>m³ gjald</i>
A. Íbúðarhúsnæði og aðrar byggingar á íbúðarlóðum í þéttbýli	63.414 kr.	477 kr.
B. Íbúðarhúsnæði og aðrar byggingar á íbúðarlóðum utan þéttbýlis	63.414 kr.	318 kr.
C. Iðnaðarhúsnæði	126.826 kr.	254 kr.
D. Atvinnuhúsnæði, verslun, þjónusta o.þ.h.	190.236 kr.	477 kr.
E. Sérhæfðar byggingar fyrir opinberar stofnanir, félagsheimili, samkomuhús o.þ.h.	190.236 kr.	477 kr.
F. Minniháttar byggingarleyfisskyldar framkvæmdir	17.188 kr.	86 kr.
G. Útihús á lögbýlum	34.375 kr.	172 kr.
H. Stækkun húsnæðis, viðbyggingar, bílskúrar o.þ.h. 60 m ² eða minna	63.414 kr.	477 kr.
I. Niðurrif húsa	16.329 kr.	0 kr.
J. Endurnýjun eldra byggingarleyfis	16.329 kr.	0 kr.

III. KAFLI Afgreiðslu- og þjónustugjöld.

3. gr.
Gjaldskrá.

Afgreiðslu- og þjónustugjöld samkvæmt eftirfarandi töflu eru með gjalddaga 30 dögum eftir að þjónusta er veitt:

<i>Tegund þjónustu</i>	<i>Gjald</i>	<i>Athugasemd</i>
A. Útgáfa stöðuleyfis, ásamt eftirliti og úttekt byggingarfulltrúa, sem leiðir af veitingu stöðuleyfis fyrir hjólhýsi, gáma o.þ.h. og aðrar afgreiðslur skipulags- og umhverfiráðs og byggingarfulltrúa, skipulagt svæði	23.490 kr.	
B. Útgáfa stöðuleyfis, ásamt eftirliti og úttekt byggingarfulltrúa, sem leiðir af veitingu stöðuleyfis fyrir hjólhýsi, gáma o.þ.h. og aðrar afgreiðslur skipulags- og umhverfiráðs og byggingarfulltrúa, utan skipulagðs svæðis	63.145 kr.	
C. Lóðarúthlutunargjald	41.675 kr.	óendurkræft
D. Fokheldisvottorð	20.671 kr.	
E. Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	60.289 kr.	
F. Eignaskiptayfirlýsing, hver umfjöllun	68.904 kr.	
G. Önnur vottorð	34.453 kr.	
H. Endurskoðun aðaluppdráttar	34.453 kr.	
I. Stofnun fasteigna í Þjóðskrá Íslands	34.453 kr.	
J. Aukaúttekt byggingarfulltrúa	60.289 kr.	
L. Gjald fyrir framlengingu lóðarúthlutunar	34.453 kr.	
M. Fyrir útgáfu lóðarleigusamnings	34.453 kr.	
N. Fyrir breytingu á lóðarsamningi	34.453 kr.	
O. Fyrir breytingu á lóðarblaði eða gerð nýs lóðarblaðs	34.453 kr.	
R. Fyrir hverja útsetningu lóðar/húss á mælingu	tilboð	
S. Vottorð um byggingastig húsa	34.453 kr.	
T. Skráning matshluta í Þjóðskrá Íslands	34.453 kr.	
U. Aðalskipulag, afgreiðslugjald	15.503 kr.	á klst.
V. Deiliskipulag, afgreiðslugjald	15.503 kr.	á klst.
X. Byggingarfulltrúi, tímagjald	17.226 kr.	á klst.
Y. Útkall byggingarfulltrúa	17.226 kr.	á klst.
Z. Afgreiðslugjald byggingarleyfa	23.490 kr.	

IV. KAFLI

Gjaldtaka á grundvelli skipulagslaga.

4. gr.

Meginreglur.

Aðili sem óskar eftir breytingu á aðal- og/eða deiliskipulagi skal greiða þann kostnað sem breytingin hefur í för með sér. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdráttar, breytinga á uppdráttum og kynninga vegna málsins, að undanskildum auglýsingakostnaði. Bæjarstjórn getur ákveðið að falla frá gjaldtöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á svæðinu eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið.

Pegar álit Skipulagsstofnunar skv. lögum nr. 111/2021 er nauðsynlegt vegna framkvæmdar, telst kostnaður sveitarfélagsins vegna þess, hluti af kostnaði við undirbúning leyfis.

Ef kostnaður vegna vinnu skipulagsfulltrúa eða aðkeyptrar vinnu er verulega umfram viðmiðunargjald, vegna umfangs verksins, er heimilt að leggja á til viðbótar tímagjald skipulagsfulltrúa sem er 21.262 kr. án virðisaukaskatts eða gjald skv. reikningi.

5. gr.

Skilgreiningar.

Afgreiðslugjald: Gjald sem greitt er við móttöku umsóknar um byggingarleyfi, framkvæmdaleyfi og skipulagsbreytingar. Í gjaldinu felst kostnaður sveitarfélagsins við móttöku og yfirferð erindisins. Gjaldið er ekki endurkræft þótt umsókn sé dregin til baka eða synjað.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður: Kostnaður sveitarfélagsins við afgreiðslu umsóknar, birtingu auglýsinga og vegna annarrar umsýslu.

Breytingarkostnaður: Kostnaður sem fellur til innan sveitarfélagsins við gerð nýs deiliskipulags eða breytingar á gildandi aðal- eða deiliskipulagsuppráttum.

6. gr.

*Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga.**Afgreiðslugjald.*

Breyting á aðalskipulagsupprætti, sbr. 36. gr. skipulagslaga, 21.262 kr./klst.
viðmiðunargjald, án vsk.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36. gr. 62.009 kr.
skipulagslaga

Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr. 31.008 kr.
skipulagslaga

7. gr.

*Kostnaður vegna deiliskipulags.**15.1 Nýtt deiliskipulag.*

Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga – vinna 21.262 kr./klst.
skv. reikningi, án vsk.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr. 62.010 kr.
skipulagslaga

15.2 Verulegar breytingar.

Breyting á deiliskipulagsupprætti, sbr. 1. mgr. 43. gr. 21.262 kr./klst.
skipulagslaga – vinna skv. reikningi, án vsk.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna verulegra breytinga, 62.009 kr.
sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga

15.3 Óverulegar breytingar.

Breyting á deiliskipulagsupprætti, sbr. 2. mgr. 43. gr. 21.262 kr./klst.
skipulagslaga – vinna skv. reikningi, án vsk.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna óverulegra 31.008 kr.
breytinga, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga

15.4 Grenndarkynning.

Grenndarkynning 95.903 kr.

8. gr.

Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis.

Afgreiðslugjald 73.740 kr.

Framkvæmdaleyfi – framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga 165.965 kr.
um umhverfismat framkvæmda og áætlana
nr. 111/2021, viðmiðunargjald

Framkvæmdaleyfi – aðrar framkvæmdir, viðmiðunargjald 78.884 kr.

Eftirlit umfram eina ferð, sem er innifalin í 31.008 kr.
framkvæmdaleyfisgjaldi

V. KAFLI

Greiðsluskilmálar og gildistaka.

9. gr.

Greiðsluskilmálar.

Innheimta skal byggingarleyfisgjald fyrir hverja þá framkvæmd sem byggingarleyfi er gefið út fyrir. Byggingarleyfi öðlast gildi við greiðslu byggingarleyfisgjalds. Innifalið í gjaldinu er lögboðin meðferð byggingarleyfisskyldra erinda, lóðarblöð, yfirferð teikninga, útsetning húss og reglubundið eftirlit eftir því sem við á.

Heimilt er að semja um greiðslufrest og skal það gert skv. sérstökum greiðslusamningi.

Afgreiðslu- og þjónustugjöld skv. 9. gr. skal greiða innan mánaðar frá því að þjónustan var veitt.

10. gr.
Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Vesturbyggðar skv. 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fjárhæðir samkvæmt gjaldskrá þessari taka breytingum fyrsta hvers mánaðar samkvæmt breytingum á vísitölu byggingarkostnaðar, 193,2 stig í október 2024 og breytist hverju sinni til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi á sama tíma gjaldskrá fyrir byggingarleyfis- og þjónustugjöld í Vesturbyggð nr. 1697/2023.

Vesturbyggð, 11. desember 2024.

Gerður Björk Sveinsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 7. janúar 2025